



Hestamannafélagið Gláður

Stjórnarfundur 3. apríl 2007

Endurritað úr fundargerðarbók Gláðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Gláðs haldinn í Samkaupum í Búðardal 3. apríl 2007.

Mættir: Valberg, Viðar, Erling, Eyþór, Svala og Þórður.

1. Eyþór kynnti Litabók Íslenska hestsins sem LH gefur út og Gláður hefur keypt. Samþykkt að gefa nemendum 2. bekkjar grunnskólans bókina. Formaður fer í heimsókn og afhendir bókina.
2. Reiðhallarmál. Sent hefur verið erindi til sveitarstjórnar Dalabyggðar um fjárstuðning. Borist hafa tilboð í hús að stærðinni 24x47 m og 22x 40 m. Eyþór verður væntanlega boðaður á fund Byggðaráðs á næstunni. Erindi var sent til Hrossaræktasambands Dalamanna um aðild þeirra að verkefninu. Rætt var um staðsetningu byggingarinnar og hvort breyta þurfi gildandi deiliskipulagi, þetta þarf að skoða nánar. Ákveðið að hefja nú þegar undirbúning að stofnun hlutafélags um húsið.
3. Ákveðið að halda aðalfund Gláðs þann 12. apríl næstkomandi. Fundurinn undirbúinn, rætt um skipan nefnda o.fl.

Fleira ekki rætt,

Þórður Ingólfsson (sign)

Eyþór J. Gíslason (sign)

Viðar Þór Ólafsson (sign)

Valberg Sigfússon (sign)

Erling Kristinsson (sign)

Svala Svavarsdóttir (sign)